

## Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu

### Stofnanasamningur fyrir félagsmenn í KÍ

Október 2018

## Innihald

1.	Inngangur .....	3
2.	Markmið .....	3
3.	Hlutverk og starfshættir samstarfsnefndar .....	3
4.	Verkefnastjórn .....	4
5.	A hluti vinnumats – Kennsla .....	4
6.	B hluti vinnumats – Fastur hluti .....	5
7.	Vinnumat og röðun .....	5
8.	Röðun starfa í launaflokka .....	6
9.	Röðun á þrep .....	7
10.	Gildistími og endurskoðun .....	7
11.	Undirritun .....	8

AHP HHS  
Síða 2 af 8  
E.H. HS

## 1. Inngangur

Stofnanasamningur þessi er gerður á grundvelli kjarasamnings fjármálaráherra og Kennarasambands Íslands frá 1. mars 2014 og síðari tíma endurskoðun á honum. Aðilar samningsins eru Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu og félagsmenn Kennarasambands Íslands sem þar starfa.

## 2. Markmið

Aðilar samningsins eru sammála um eftirtalin meginmarkmið:

- 2.1. Að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- 2.2. Að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu sem stuðli að auknum árangri nemenda.
- 2.3. Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnunin sinnir.
- 2.4. Að launakerfið styðji við stefnu og þróun skólans hverju sinni.
- 2.5. Að fram fari reglubundið frammistöðumát í tengslum við starfsþróun.

## 3. Hlutverk og starfshættir samstarfsnefndar

Hlutverk samstarfsnefndar er einkum þetta:

- 3.1. Að gera, endurskoða og breyta stofnanasamningi.
  - 3.1.1. Að ákvarða röðun starfa.
  - 3.1.2. Að vera skólameistara til samráðs um álitamál um röðun í flokka og þrep.
- 3.2. Að fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar samningsins.
- 3.3. Komi í ljós gallar á samningi sem aðilar eru sammála um að þarfnið leiðréttigar, þá verða þeir lagfærðir í samstarfsnefnd.

*„Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna breytingar í miðlægum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa. Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á honum. Koma skal á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Fella skal þær breytingar sem gerðar eru hverju sinni inn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breyttan. Að jafnaði skal stofnanasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti. Náist ekki samkomulag í nefndinni vegna gerðar og/eða endurskoðunar stofnanasamnings innan þriggja mánaða frá því að málid kemur til meðferðar á vettvangi hennar, getur hvor aðila um sig óskað eftir því að sáttanefnd fjármálaráðuneytis og Kíffalli um málið sbr. gr. 11.5.“ Sjá aðalkjarasamning.*

*„Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings til nefndarinnar. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin*

HP  
E.  
AHP  
HS

*formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á launasetningu eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.“*

### Sáttanefnd

*„Sáttanefnd skal skipuð sex fulltrúum. Fjármálaráðuneytið og KÍ tilnefna hvort um sig þrjá fulltrúa og þrjá til vara.“*

*„Sáttanefnd skal taka fyrir þau mál sem til hennar er vísað skv. gr. 11.4.3.1. Ákvarðanir sáttanefndar skulu taka mið af fjárheimildum stofnana. Nefndinni er heimilt að taka til umfjöllunar mál er varða stefnumarkandi túlkanir og álitaefni er snerta framkvæmd og þróun kjarasamninga.“*

*„Beina skal erindum til sáttanefndar með skriflegum hætti. Sáttanefndarfundi skal koma á svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Sáttanefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Nefndin setur sér að öðru leyti starfsreglur.“ Sjá aðalkjarasamning.*

## 4. Verkefnastjórn

Hver sá sem uppfyllir skilyrði um verkefnastjórn getur orðið verkefnastjóri, sbr. grein 8.4. Þeir sem sækjast eftir verkefnastjórn semja um það við skólameistara fyrir upphaf annar. Skólameistari og verkefnastjóri ræða saman um innihald og umfang eftir þörfum. Við sérstakar aðstæður getur verkefnastjórn hafist án þess að um það hafi verið samið fyrir upphaf annar.

Verkefnastjóri er verkstjóri tiltekinna sviða eða viðfangsefna. Hann er leiðandi á sínu sviði og sér einnig um einstaka þróunarverkefni. Starfshlutfall verkefnastjóra er breytilegt. Um getur verið að ræða tímabundin verkefni eða verkefni til lengri tíma. Vinna við einstaka þróunarverkefni eru til skamms tíma en verkefni svo sem umsjón með fjarnámi, erlend samskipti, félagslíf nemenda, kerfisstjórn og sjálfsmat eru til lengri tíma.

## 5. A hluti vinnumats - Kennsla

Útreikningur á kennslu í einstaka áföngum miðast við vinnumat samkvæmt kjarasamningi.

## 6. B hluti vinnumats – Fastur hluti

Kennari í fullu starfi skilar 360 klukkustundum í fastan hluta á ári sbr. vinnuskýrslu vinnumats. Þær skiptast á eftirfarandi hátt:

- 105 klukkustundir kaffítimar
- 80 klukkustundir – endurmenntun og starfsþróun. Starfsfólk sem þessi samningur nær til skal gera grein fyrir hvort og hvernig endurmenntun og starfsþróun á sér stað. Þessar upplýsingar skulu sendar til skólameistara í upphafi skólaárs.
- 32 klukkustundir í frágang og undirbúning utan skólatíma. Þessir dagar eru fastsettir á skóladagatali.
- 143 klukkustundir önnur vinna samkvæmt reglugerð. Þetta skiptist í:
  - 72 klukkustundir kennarafundi og faglegt samstarf sem fer að stórum hluta inn í skóladagtal
  - 71 klukkustund í nemendatíma sem eru; viðtöl, upplýsingagjöf og umsjón

Miðað er við að umsjón sé 38 klukkustunda vinna á önn. Þar af eru 18 tímar í B hluta vinnumats og að auki eru settar 18 klukkustundir í C lið vinnumats. Í umsjón felst eftirfarandi:

- Viðhald langtímaáætlunar sem unnin hefur verið fyrir nemandann.
- Umsjónarviðtöl á hverri önn.
- Að jafnaði tveir umsjónarfundir á önn.
- Yfirsýn yfir stöðu nemandans.
- Miðlun upplýsinga um stöðu nemenda.
- Samráðsfundir umsjónarkennara.
- Foreldrasamstarf.

Þeir starfsmenn sem ekki fara með umsjón uppfylla vinnuskyldu sína í B lið með því að fylgjast með, tileinka sér og þróa nýjungrar í skólastarfi, einkum er varðar fjarkennslu. Þeir skulu jafnframt miðla þeirri þekkingu til samkennara sinna. Þeir hittast reglulega yfir önnina til samráðs.

## 7. Vinnumat og röðun

Í upphafi hverrar annar er gert vinnumat fyrir hvern starfsmann. Vinnumat skiptist í A, B og C liði samkvæmt kjarasamningi. Að vinnumiði koma skólameistari, áfangastjóri, trúnaðarmaður og einn úr samstarfsnefnd. Í upphafi hverrar annar verður vinnumatsfundur þar sem unnið verður vinnumat og raðað í launaflokk og þrep fyrir hvern starfsmann. Fyrir vinnumatsfund hefur hver starfsmaður möguleika á að leggja fram gögn sem hafa áhrif á röðun í launaflokka og þrep, s.s. gögn um fyrri störf og menntun. Á skóladagatali skal tilgreina vinnumatsfund. Gögn sem starfsmaður leggur fram þurfa að vera skrifleg og þau varðveitt í skjalasafni skólangs. Að loknum vinnumatsfundi sjá starfsmenn vinnumat og röðun í innu. Ef útlit er fyrir að vinna fari umfram það sem er gert ráð fyrir í vinnumati þarf að gera skólameistara grein fyrir því sem tekur þá ákvörðun um það í samráði við viðkomandi starfsmann hvort greitt verði sérstaklega fyrir aukið umfang eða dregið úr vinnu.

## 8. Röðun starfa í launaflokka

- 8.1. Röðun í launaflokka byggir á röðun starfa í fjóra flokka: Kennari, verkefnastjóri, námsráðgjafi og stjórnendur.
- 8.2. Röðunin skal vera eftirfarandi:
  - 8.2.1. Kennari raðast frá launaflokki 2 til 10 með tilliti til menntunar, reynslu og frammistöðu með eftirfarandi hætti:
  - 8.2.2. Kennari án fagprófs eða háskólaprófs raðast í launaflokk 2.
  - 8.2.3. Kennari með fagpróf eða diplómunám raðast í launaflokk 3.
  - 8.2.4. Kennari sem hefur lokið grunnmenntun á háskólastigi raðast í launaflokk 4.
  - 8.2.5. Kennari með diplómunám til viðbótar grunnnámi á háskólastigi raðast í launaflokk 5.
  - 8.2.6. Kennari með meistarapróf raðast í launaflokk 6.
  - 8.2.7. Framhaldsskólakennari raðast einum launaflokki ofar en ella.
  - 8.2.8. Þegar kennari er ráðinn til starfa skal skólinn kalla eftir gögnum um reynslu og menntun sem metin er við röðun í launaflokk.
- 8.3. Eftirtaldir þættir leiða til hækjunar kennara milli launaflokka:
  - 8.3.1. Eftir tveggja ára kennslu hækkar kennari um launaflokk.
  - 8.3.2. Eftir fimm ára kennslu hækkar kennari um launaflokk.
  - 8.3.3. Eftir tíu ára kennslu hækkar kennari um launaflokk.
  - 8.3.4. Kennrarar sem seldu kennsluafslátt sbr. bréf FJMRN og KÍ 9. júní 2006, fá einn launaflokk fyrir 10 árin og einn launaflokk fyrir 15 árin.
- 8.4. Verkefnastjóri raðast frá launaflokki 9 – 12.
  - 8.4.1. Verkefnastjórar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði raðast í launaflokka 10 – 12 en þeir sem gera það ekki raðast í launaflokk 9.
  - 8.4.2. Kennari getur sótt um að verða verkefnastjóri eftir þriggja ára vinnu í starfi.
  - 8.4.3. Verkefnastjóri skal hafa kennsluréttindi.
  - 8.4.4. Verkefnastjóri þarf að vera í fullu starfi.
  - 8.4.5. Verkefnastjóri skal uppfylla viðmið í vinnuskilgreiningu í kjarasamningi svo sem að sinna endurmenntun sem samsvarar tveggja vikna vinnu. Verkefnastjóri skal fyrir vinnumatsfund gera skriflega grein fyrir endurmenntun sinni vegna liðins starfsá.
  - 8.4.6. Verkefnastjóri vinnur sem svarar tólf vinnudögum utan hefðbundinnar vinnuskyldu kennara. Miðað er við að verkefnastjóri vinni fimm daga í upphafi skólaárs, fimm daga í lok skólaárs og two daga á milli haust- og vorannar. Þessir tólf vinnudagar eru ekki viðbót við árlega vinnuskyldu heldur hugsaðir til draga úr álagi á skólatíma.
  - 8.4.7. Miðað er við að verkefnastjórnun sé að lágmarki 100 klukkustundir á önn.
  - 8.4.8. Við sérstakar aðstæður getur starfsmaður orðið verkefnastjóri þó hann uppfylli ekki öll ofangreind skilyrði. Komi til þessa þarf að taka það fyrir á vinnumatsfundi.
  - 8.4.9. Verkefnastjóri sem uppfyllir öll skilyrði hækkar um launaflokk eftir þrjú ár og aftur um launaflokk eftir sex ára starf sem slíkur.
- 8.5. Námsráðgjafi og áfangastjóri
  - 8.5.1. Námsráðgjafi raðast frá flokki 10. – 12. Laun hans hækka um launaflokk eftir þrjú ár og aftur um launaflokk eftir sex ára starf sem námsráðgjafi.

E. G.  
AHB  
HS

HE

- 8.5.2. Áfangastjóri raðast frá flokki 13. – 15. Laun hans hækka um launaflokk eftir þrjú ár og aftur um launaflokk eftir sex ára starf sem áfangastjóri.

## 9. Röðun á prep

Eftirtaldir þættir leiða til þrepahækkunar:

- 9.1. Allir kennrar grunnraðast í þriðja prep vegna:
  - 9.1.1. 4% hækkunar frá 2008 um tvö prep.
  - 9.1.2. álags vegna upptökum nýrrar námskrár og samkomulags í kjarasamningi frá apríl 2018 um eitt prep. Gildir frá 1. ágúst 2018.
- 9.2. Formleg viðbótarmenntun á framhalds- eða háskólastigi sem nýtist í starfi og ekki leiðir til hækkunar um launaflokk veldur varanlegri hækkun um eitt prep. Með formlegrí viðbótarmenntun er átt við diplómanám, grunnnám, mastersnám og doktorsnám.
- 9.3. Hvert eftirtalinna atriða getur leitt til hækkunar um eitt prep fyrir yfirstandandi skólaár. Verkefnastjórar fá þó ekki þrepahækkun fyrir þessi atriði ef það tengist verkefnastjórn þeirra. Upplýsingar sem geta leitt til hækkunar þurfa að berast vinnumatsnefnd fyrir fund í upphafi annar.
- 9.4. Stuðningur við aðra starfsmenn, s.s. leiðsögn nýliða og annað sambærilegt.
- 9.5. Nýjungar í skólastarfi sem valda aukaálagi, s.s. þróunarvinna í kennslu og öðrum störfum.
- 9.6. Tengsl út fyrir skólann, s.s. við aðra í Nýheimum, aðra skóla og samfélagið.
- 9.7. Sérverkefni, s.s. þátttaka í þróunarverkefnum.
- 9.8. Kennari getur óskað eftir hækkun um prep vegna atriða sem gagnast skólastarfinu og ekki hafa verið talin upp hér að framan.

## 10. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2020, en framlengist sjálfkrafa ef ekki er búið að ganga frá nýjum samningi fyrir lok samningstímans. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningnum.

HG E.G.  
H.P. AHP  
JH

## Undirritun

Höfn í Hornafirði, 26. október 2018.

Fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafelssýslu:

Eyjólfur Guðmundsson

Eyjólfur Guðmundsson (sign),  
skólameistari

Fyrir Kennarafélag FAS:

Agnes H. Þorsteinsdóttir

Agnes Heiða Þorsteinsdóttir (sign)

Fyrir Félag stjórnenda í FAS:

Hildur Þórssdóttir

Hildur Þórssdóttir (sign)

Hjörðís Skírnisdóttir

Hjörðís Skírnisdóttir (sign)